

Ræða Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 5. september kl. 10:00 í fundarsal Arion banka

Kæru aðalfundarfulltrúar sem eruð mættir hér í fundarsal Arion banka og aðrir sem fylgjast með fundinum á netinu.

Samkvæmt venju byrjum við á að minnst félaga okkar sem hafa fallið frá síðan við héldum síðasta aðalfund. Ég nefni aðeins þrjú úr þessum hópi, sem voru formenn félaga, en það eru Hólmfríður Finnbogadóttir sem var formaður og seinna framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Hafnarfjarðar og heiðursfélagi þess félags og einnig Skógræktarfélags Íslands, Orri Hrafnkelsson, sem var formaður Skógræktarfélags Austurlands um árabil og Jón Birgir Jónsson sem var formaður Skógræktarfélags Reykjavíkur.

Má ég biðja ykkur um að rísa úr sætum og minnst þessara þriggja og annarra félaga okkar sem kvöddu þessa jarðvist frá síðasta aðalfundi. – Þakka ykkur fyrir.

Þá er komið að því að skipa í embætti á fundinum. Ég sting upp á því að Óskar Guðmundsson verði kosinn fundarstjóri.

Ræðan

Við fögnum 90 ára afmæli Skógræktarfélags Íslands á þessum aðalfundi, við mjög óvenjulegar kringumstæður. Í staðinn fyrir að hittast og eiga saman langa helgi í Mosfellsbæ í boði Skógræktarfélags Mosfellsbæjar, er þessi fundur haldinn hér í fundarsal Arion banka, á eins einfaldan hátt og hægt er að komast af með en samt sem áður á löglegan hátt. Þetta er gert í ljósi aðstæðna sem við höfum enga stjórn á. Við þurfum einfaldlega að beygja okkur undir þá skyldu að fara að ráðum þríeykisins sem hefur stýrt aðgerðum eftir að Covid 19 barst til landsins snemma á þessu ári.

Lengi vel stóðu vonir til að hægt yrði að halda hefðbundinn aðalfund í Mosfellsbæ. Við skoðuðum allskonar möguleika, stilltum upp nokkrum sviðsmyndum og vorum með aðal- og vara áætlanir. Þegar nær dró sjálfum fundinum var augljóst að við þyrftum að sætta okkur við ástandið eins og það er - og efna til aðalfundar þar sem gengið er til aðalfundarstarfa samkvæmt lögum félagsins á eins látlausan máta og hægt er, til að uppfylla helstu formsatriði.

Fleira hefur þurft undan að láta því til stóð að halda fund samtakanna European Forest Network hér á landi í tengslum við aðalfund Skógræktarfélags Íslands. European Forest Network eru óformleg samtök skógræktarfélaganna í Evrópu og fulltrúar þeirra hittast reglulega. Erlendu fulltrúarnir voru mjög spenntir að koma til Íslands og fjölmargir boðuðu komu sína til landsins. Þegar ljóst var að kórónaveiran var komin aftur á kreik víðsvegar í Evrópu og setta voru á hertar reglur með margra daga sóttkví hér á landi, fór okkur að berast fjölmargar afboðanir. Þetta varð til þess að ákveðið var fresta fundinum og vonandi verður hægt að halda hann hér á landi síðsumars eða haustið 2021.

Það er von okkar að bráðlega fari þessu einkennilega ástandi að linna og að við getum hist á fulltrúafundi næsta vor og ráðið þar ráðum okkar. Það er jafnframt von okkar að hægt verði að halda hefðbundinn aðalfund á næsta ári.

Starfsemin

Starfsemin Skógræktarfélags Íslands var að mestu með hefðbundnum hætti frá því að við hittumst á aðalfundi fyrir einu ári í Kópavogi. Til stóð að halda fulltrúafund á vordögum, en þegar kórónaveiran setti allt úr skorðum í mars var hætt við það, enda var sett bann við öllum fjöldafundum. Fagráðstefna skógræktar átti að fara fram í vor undir yfirskriftinni „Grænir sprotar og nýsköpun“. Henni var slegið á frest og standa vonir til að hægt verði að halda hana núna í haust, en það á eftir að koma í ljós.

Skipulag ráðstefnu þar sem ungt fólk horfir til framtíðar í skógræktarmálum var komið vel á veg og mjög spennandi dagskrá framundan. Ráðhús Reykjavíkur var bókað fyrir þessa ráðstefnu sem átti að fara fram á 90 ára afmælisdegi Skógræktarfélags Íslands í Ráðhúsi Reykjavíkur. Þegar ljóst var að forsetakosningar færu fram þennan sama laugardag var ákveðið að slá þessari ráðstefnu á frest, en það er fullur vilji til að halda hana, þó síðar verði.

Þrátt fyrir að fresta hafi þurft þessum og fleiri viðburðum vegna kórónuveirunnar hefur ýmislegt verið gert og við höfum ekki setið auðum höndum. Ársskýrslan liggur fyrir í prentuðu formi hér á fundinum og er líka aðgengileg á netinu. Þar eru helstu mál og verkefni tilgreind á ítarlegri hátt en hægt er að gera í þessari ræðu.

Helstu verkefni

Ég ætla ekki að flytja alla ársskýrsluna, heldur nefna nokkur atriði sem koma fram í skýrslunni. Þetta eru aðallega atriði sem hafa þokast áfram á starfsárinu og snúa beint að starfsemi félagsins.

Skógræktarfélag Íslands og Landvernd eru bakhjarlar **Kolviðar**, eins og þið vitið. Gróðursettar voru 109 þúsund plöntur á Geitasandi og Úlfjótuvatni árið 2019 á vegum Kolviðar. Á þessu ári hefur magn gróðursettra plantna verið umtalsvert og verður væntanlega á pari við síðasta ár eða jafnvel meira, þrátt fyrir að efnahagslífið hafi tekið þó nokkurn afturkipp eða dýfu. Ekki liggur enn fyrir hversu mörg tré verða gróðursett í ár, enda er það ekki liðið ennþá.

Reikna má með að það verði eitthvað bakslag á næsta ári og að jafnvægi komist ekki á þessi mál alveg strax. Um leið og ástandið fer að batna er búist við enn frekari fjölgun árlegrar gróðursetningar.

Kolviður er kominn í þá stöðu að það vantar viðbótar ræktunarland á allra næstu árum. Sjóðurinn hefur því auglýst eftir landi til gróðursetningar í Bændablaðinu og á Fésbókinni. Skógræktarfélagin ættu að skoða það hvort þau geta komið að liði, því Kolviður er tilbúinn til að gera þjónustusamninga við skógræktarfélög sem vilja taka að sér verkefni samkvæmt verksamningum.

Rótarskotið, samstarfsverkefni björgunarsveitanna og Skógræktarfélags Íslands, skilaði 7.000 rótarskotum um síðustu áramót. Á vordögum og í sumar voru 7.000 tré gróðursett víðsvegar um landið, af meðlimum skógræktarféлага og björgunarsveitarfólki. Reiknað er með að þetta verkefni haldi áfram um næstu áramót.

Landgræðsluskógar fengu trjáplöntur frá Sólskógum og Kvistum á þessu ári. Úthlutað var 372 þúsund plöntum til skógræktarféлага í sumar. Þess má geta að undirritaðir hafa verið samningar um þrjú ný landgræðsluskógasvæði á þessu starfsári.

Yrkja, sjóður æskunnar til ræktunar lands, úthlutaði trjám til rúmlega 100 skóla á árinu. Keyptar voru plöntur fyrir fjármuni sjóðsins, en til viðbótar fékk sjóðurinn 10.000 birkiplöntur frá Skógræktinni. Uppfærð heimasíða Yrkjusjóðs var sett í loftið í febrúar.

Laugardaginn 27. júní, á **90 ára afmæli Skógræktarfélags Íslands**, var efnt til hátíðargróðursetningar í Vinaskógi á Þingvöllum. Þangað var fulltrúum skógræktarféлага boðið ásamt heiðursfélögum Skógræktarfélags Íslands, styrktaraðilum og öðrum góðum samstarfsaðilum. Voru gróðursett 90 tré, eitt fyrir hvert ár, sem félagið hefur starfað. Gróðursetningin fór fram í góðu veðri og var þetta mjög ánægjuleg og vel heppnuð stund.

Líf í lundi fór fram víðsvegar um landið í þriðja sinn um Jónsmessuhelgina. Þessa sömu helgi var sautjándi Opni skógurinn opnaður, Álfholtsskógur í Hvalfjarðarsveit. Athöfnin fór fram laugardaginn 20. júní eftir hádegi og seinna sama dag var undirritaður samningur milli Ólafsvíkurbæjar, Skógræktarfélags Ólafsvíkur og Skógræktarfélags Íslands um stækkað skógræktarsvæði í bæjarlandi Ólafsvíkur.

Mánudaginn 31. ágúst síðastliðinn var undirritaður samstarfssamningur milli **Skógræktarfélags Íslands og Samkaupa**, um verkefnið Opinn skógur. Samningurinn er mjög mikilvægur því hann tryggir framgang þessa verkefnis á árinu sem er að líða og á næsta ári.

Tré ársins var formlega útnefnt laugardaginn 29. ágúst síðastliðinn. Það er gráreynir á jörðinni Skógum í Þorskafirði, en Jochum Eggertsson, þáverandi eigandi jarðarinnar, gróðursetti þetta tré um miðjan sjötta áratug síðustu aldar. Þetta er í fyrsta sinn sem gráreynir verður fyrir valinu sem Tré ársins. Hann ber þess merki að hafa vaxið upp við óblíð skilyrði og lítið skjól, en hefur samt sem áður braggast ágætlega. Gróðrarstöðin Lambhagi styrkir þetta verkefni í ár eins og á síðasta ári.

Erindi sem stjórn og starfsfólk fá inn á sitt borð

Stjórn og starfsfólk Skógræktarfélags Íslands hefur nú sem fyrr unnið að framgangi skógræktarmála á breiðum grunni. Starfsfólkið veitir góð ráð og svarar fyrirspurnum frá félögum og almenningi, þegar eftir því er leitað, hvort sem það er í síma eða í gegnum netið.

Sjálfboðaliðar, sem hafa starfað á vegum félagsins á sumrin, komu heldur seinna en vanalega vegna hinna óvenjulegu aðstæðna. Þeir verða þar af leiðandi aðeins lengur hjá okkur í haust en venjan hefur verið. Starfsfólk Skógræktarfélagsins og sjálfboðaliðarnir hafa sinnt allskonar verkefnum, m.a. farið um landið og aðstoðað einstök skógræktarfélög við ýmis konar verkefni. Þá hafa starfsmenn félagsins veitt ráðgjöf, haldið námskeið, aðstoðað við verkferla og sinnt ýmsum öðrum verkefnum.

Skógræktarfélagið fær reglulega beiðnir um hverskonar umsagnir, til dæmis varðandi skipulagsmál, lagasetningu á Alþingi, samskipti við sveitastjórnir og ágreiningsefni sem upp kunna að koma. Lögð er áhersla á að hjálpa til við að leysa eins farsællega úr þessum málum og á eins skjóttan hátt og mögulegt er.

Þá má geta þess að Ragnhildur Freysteinsdóttir er annar tveggja fulltrúa umhverfisverndarsamtaka í Loftslagsráði. Stjórnarfolk tekur þátt í samtali um umhverfismál og á sæti í nefndum og ráðum sem tengjast skógrækt og skyldum málaflokkum. Skógræktarfélagið leggur mikinn metnað í að sinna öllum þessum verkefnum af alúð og fagmennsku.

Eitt af helstu verkefnum okkar sem höldum um taumana núna er að efla áhuga ungs fólks á skógrækt og landgræðslu. Það er mikilvægt að binda þannig um hnútana að nýjar kynslóðir verði við því búnar að taka við keflinu og fleyta hreyfingunni áfram næstu áratugi og árhundruð. Þetta er ákaflega mikilvægt og við megum aldrei sofna á verðinum. Framtíðin er rétt handan við hornið og eins gott að halda vel á spilunum því landið okkar þarf á því að halda að skógræktarhreyfingin haldi velli og eflist frekar en hitt.

Þakkir

Stjórn Skógræktarfélags Íslands þakkar öllum meðlimum skógræktarféлага um allt land fyrir að leggja sitt lóð á vogarskálarnar. Starfið byggir að mestu á framlagi og velvilja sjálfboðaliða og það er ekki sjálfgefið að fólk sinni þessháttar störfum ár eftir ár. Þess vegna er mikilvægt að hvetja þá sem yngri eru til að taka þátt í þessu risastóra verkefni sem ræktun landsins er svo sannarlega.

Sem betur fer eiga skógræktarfélögin á að skipa einvala liði sem er ætíð boðið og búið að taka þátt í starfinu og leggja hönd á plóg. Þannig hefur það verið í 90 ár og vonandi taka komandi kynslóðir jafn ríkan þátt í skógræktarstarfinu og þær sem hafa haldið merkinu á lofti í nærri eina öld.

Við færum Arion banka sérstakar þakkir fyrir aðstöðuna og að leyfa okkur að halda aðalfundinn hér í dag. Aðrir samstarfsaðilar, hvort sem það eru stofnanir, samtök, fyrirtæki eða einstaklingar hér á landi eða erlendis, fá þakkir fyrir að styðja við skógrækt og landgræðslu. Þar á meðal eru Skógræktin, Landgræðslan, Landsamtök skógareigenda, Landvernd, skátahreyfingin, Landsbjörg, Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Toyota, Eimskip, Lambhagi og Samkaup, sem er nýjasti samstarfsaðili okkar.

Stuðningur allra þessara aðila er ómetanlegur fyrir starfsemi Skógræktarfélags Íslands, skógræktarfélögin og allt skógræktarstarf í landinu.

Að lokum vil ég persónulega þakka stjórn og starfsfólki fyrir vel unnin störf - gott og gefandi samstarf. Jafnframt færi ég öllum velunnurum Skógræktarfélags Íslands fyrir kærar þakkir fyrir ómetanlegan stuðning við starfsemi félagsins.